

## Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2001–2005

*New registrations of limited liability companies 2001–2005*


*Samantekt* Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.938 á síðasta ári og hefur nýskráningum því fjölgað um tæp 17% frá árinu 2004 þegar 2.517 ný félög voru skráð. Hlutfallsleg skipting nýskráninga eftir atvinnugreinum er nokkuð jöfn á milli ára en ef nýskráningar eru skoðaðar eftir landsvæðum þá eru rúmlega 72% nýskráðra félaga með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2005 hefur nýskráningum þó fjölgað hlutfallslega mest á Suðurlandi og Suðurnesjum eða um 40% frá fyrra ári.

*Mikil aukning frá fyrra ári*

Árið 2005 var fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2.938 hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Nýskráningum fjölgar því um tæp 17% frá árinu 2004 þegar 2.517 ný félög voru skráð. Aðeins einu sinni hafa fleiri félög verið nýskráð, en það var árið 2002 þegar 3.120 ný hluta- og einkahlutafélög voru skráð. Af þeim 2.938 félögum sem skráð voru á árinu 2005 voru 2.924 einkahlutafélög og 14 hlutafélög. Til samanburðar var heildarfjöldi skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga um 22 þúsund í árslok 2004 og af þeim voru rúmlega 11 þúsund sem greiddu laun á árinu.

### Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2001–2005

*Figure 1. New registrations of limited liability companies 2001–2005*



## Hlutur atvinnugreina

43% af nýskráningum í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissri sérhæfðri þjónustu

Flestar nýskráningar á árunum 2001–2005 hafa verið í yfirflokknum *fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta*. Árið 2005 voru nýskráningar í þessum yfirflokki alls 1.263 eða 43% af heildarfjölda. Yfirflokkar sem næstir komu voru *byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð* með 444 skráningar (15%), *verslun og ýmis viðgerðarþjónusta* 411 (14%) og *iðnaður* 158 (5%).

Frá fyrra ári hefur nýskráningum fjölgað hlutfallslega mest í *veitustarfsemi* eða um 200%, *landbúnaði* 70% og *fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissri sérhæfðri þjónustu* um 38%. Hinsvegar fækkar nýskráningum í nokkrum yfirflokkum atvinnugreina, hlutfallslega mest er fækkunin í *fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum* þar sem nýskráningum fækkar um 54%, nýskráningum í *fræðslustarfsemi* fækkar um 30% og *fiskveiðum* um 24%.

Flestar nýskráningar í rekstri eignarhaldsfélaga

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til yfirflokka þá kemur í ljós að flestar nýskráningar árið 2005 voru í flokknum, *rekstur eignarhaldsfélaga* (439), því næst *leiga atvinnuhúsnæðis* (377), þá *húsbýggingar og önnur mannvirkjagerð* (296) og *smábátaútgærð* (90). Hérna vekur athygli mikil og stöðug fjölgun nýskráninga í rekstri eignarhaldsfélaga, þar sem nýskráningar fara úr 75 eða 4% af heild árið 2001 í 439 eða rúmlega 15% af heildarfjölda nýskráninga árið 2005.

## Hlutur landsvæða

Flestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu

Af landsvæðum voru langflestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu árið 2005, alls 2.120 eða 72% allra nýskráninga. Suðurland var með næstflestar nýskráningar eða 199 (7%), Norðurland eystra fylgdi í kjölfarið með 166 (6%) en færstar nýskráningar voru á Vestfjörðum, 66 eða rúmlega 2% af heildarfjölda árið 2005. Nýskráðum félögum fjölgar í öllum landshlutum nema á Austurlandi þar sem nýskráningum fækkar um 13% frá árinu 2004. Hlutfallslega fjölgar nýskráningum mest á Suðurlandi og Suðurnesjum eða um 40% á hvorum stað frá fyrra ári.

Af þeim 20 atvinnugreinum sem voru flestar nýskráningar í árið 2005 var landsbyggðin með meira en helming nýskráninga í 2 atvinnugreinum, smábátaútgærð og raf- og boðlögnum; starfsemi rafverktaka.

Að meðaltali voru 9,8 nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2005. Höfuðborgarsvæðið var með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 11,3 á hverja þúsund íbúa, Suðurland var með 8,9 nýskráningar á hverja þúsund íbúa, þá Suðurnes (8,4), Vestfirðir (8,1) og Norðurland vestra (7,4). Austurland var færstar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 5,6 á hverja þúsund íbúa.

## English summary

In the year 2005, 2,938 new limited liability companies were registered which is about 17% increase from the year 2004 when 2,517 new companies were registered. Share of new registrations by economic activities is similar between years. Distribution by regions shows that 72% of total new registrations are in the capital region. The growth rate of new registrations was highest in the South and Southwest region, approximately 40% from previous year.

**Tafla 1. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir yfirflokkum atvinnugreina 2001–2005**  
 Table 1. *New registrations of limited liability companies by economic activity 2001–2005*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi nýskráðra félaga, alls <i>New registrations</i>	<b>1.871</b>	<b>3.120</b>	<b>2.389</b>	<b>2.517</b>	<b>2.938</b>
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt <i>Agriculture, hunting and forestry</i>	32	81	65	43	73
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	103	444	175	143	109
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	1	1	1	2	2
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	136	181	176	154	158
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	1	9	4	4	12
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	222	394	290	365	444
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	274	431	377	393	411
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	83	154	125	126	117
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	70	121	90	96	108
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation</i>	31	43	21	37	17
Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	512	882	838	917	1263
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	15	21	23	27	19
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	69	154	59	57	68
Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other services</i>	111	164	132	152	137
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	211	40	13	1	–

**Tafla 2. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga í helstu atvinnugreinum 2001–2005**  
 Table 2. *New registrations of limited liability companies by economic activity 2001–2005*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	2001	2002	2003	2004	2005
<b>Heildarfjöldi nýskráninga <i>Total</i></b>	<b>1.871</b>	<b>3.120</b>	<b>2.389</b>	<b>2.517</b>	<b>2.938</b>
<b>Þær 20 atvinnugreinar sem voru flestar nýskráningar í árið 2005</b> <b><i>The 20 activities which had the most frequent new registrations during 2005</i></b>	<b>740</b>	<b>1.689</b>	<b>1.276</b>	<b>1.456</b>	<b>1.803</b>
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	75	116	157	247	439
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	69	259	221	277	377
Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð <i>Building of constructions; civil engineering</i>	126	215	166	236	296
Smábátáutgerð <i>Operation fishing boats smaller than 10 GRT</i>	62	389	147	109	90
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Consultancy activities, excl. agric. consultancy</i>	26	55	78	75	77
Önnur heildverslun <i>Other wholesale</i>	18	38	45	59	77
Matsölustaðir <i>Restaurants</i>	54	105	80	84	67
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	30	42	33	52	50
Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir <i>Maintenance and repair of motor vehicles</i>	37	48	34	34	34
Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i>	52	77	61	36	33
Ferðaskrifstofur og önnur ótalin ferðaþjónusta <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	14	24	28	20	31
Leiga á vinnuvélum með stjórnanda <i>Renting of construction equipment with operator</i>	22	33	24	29	30
Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka <i>Installation of electrical wiring and fittings</i>	20	38	29	31	30
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda <i>Motion picture and video production</i>	23	43	36	22	29
Sérfræðiþjónusta lækna <i>Practicing medical specialists</i>	40	88	24	30	26
Akstur sendibíla <i>Delivery van services</i>	17	26	18	20	24
Starfsemi listamanna <i>Artistic and literary creation and interpretation</i>	10	25	30	42	24
Hárgreiðslu- og snyrtistofur <i>Hairdressing and other beauty treatment</i>	23	25	19	26	24
Fasteignamiðlun <i>Real estate agencies</i>	9	19	33	12	23
Starfsemi auglýsingastofa <i>Advertising agencies</i>	13	24	13	15	22
<b>Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i></b>	<b>1.131</b>	<b>1.431</b>	<b>1.113</b>	<b>1.061</b>	<b>1.135</b>

**Tafla 3. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 2001–2005**Table 3. *New registrations of limited liability companies by region 2001–2005*

	2001		2002		2003		2004		2005	
	Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa	
	Fjöldi <i>Number</i>	<i>Per</i> 1.000 inh.	Fjöldi <i>Number</i>	<i>Per</i> 1.000 inh.	Fjöldi <i>Number</i>	<i>Per</i> 1.000 inh.	Fjöldi <i>Number</i>	<i>Per</i> 1.000 inh.	Fjöldi <i>Number</i>	<i>Per</i> 1.000 inh.
<b>Allir landshlutar <i>Total</i></b>	<b>1.871</b>	<b>6,6</b>	<b>3.120</b>	<b>10,8</b>	<b>2.389</b>	<b>8,3</b>	<b>2.517</b>	<b>8,6</b>	<b>2.938</b>	<b>9,8</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.286	7,3	2.065	11,5	1.650	9,1	1.825	9,9	2.120	11,3
Suðurnes <i>Southwest</i>	89	5,3	135	8,0	128	7,6	108	6,3	151	8,4
Vesturland <i>West</i>	93	6,5	179	12,3	107	7,4	92	6,4	98	6,6
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	68	8,4	128	16,0	72	9,2	49	6,4	61	8,1
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	50	5,3	71	7,7	47	5,1	51	5,7	66	7,4
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	113	4,3	204	7,6	166	6,2	161	6,0	166	6,1
Austurland <i>East</i>	58	4,9	135	11,5	84	7,1	89	7,2	77	5,6
Suðurland <i>South</i>	114	5,4	203	9,5	135	6,3	142	6,5	199	8,9

**Hag tíðindi**    **Fyrirtæki og umsvif**  
**Statistical Series**    **Enterprises and turnover**

91. árgangur nr. 6

ISSN 0019-1078

2006:1

ISSN 1670-4517 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4525 (pdf)Verð *Price* ISK 500 EUR 7Umsjón *Supervision* Magnús Kári Bergmann • magnus.bergmann@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series